

REGLUGERÐ

fyrir Orkuveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur og starfssvið.

Orkuveita Húsavíkur, skammstafað OVH, er fyrirtæki í eigu Húsavíkurkaupstaðar sem starfrækt er í eftirfarandi tilgangi:

1. Að afla raforku, hitaorku og vatns.
2. Að veita og selja raforku um lögsagnarumdæmi Húsavíkur.
3. Að veita og selja heitt vatn um lögsagnarumdæmi Húsavíkur og Reykjahrepps.
4. Að starfrækja vatnsveitu til almenningsnota.

OVH er heimilt með samningum að veita og selja heitt vatn út fyrir lögsagnarumdæmi Húsavíkur, enda hafi öðrum ekki verið veitt einkaleyfi til slíkrar sölu.

Reglugerð þessi tekur ekki til liðar 4 hér að ofan en um þá starfsemi gildir rg. nr. 421/1992 um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. l. nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga.

2. gr.

Stjórn.

Bæjarstjórn fer með stjórn OVH. Veitunefnd fer með málefni fyrirtækisins í umboði bæjarstjórnar sbr. samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Veitunefnd skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Kjörtímabil hennar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar. Um veitunefnd gilda ákvæði VI. kafla l. nr. 8/1986 sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Staða veitunnar gagnvart annarri starfsemi.

Orkuveita Húsavíkur er rekin sem sjálfstætt fyrirtæki í eigu Húsavíkurkaupstaðar og er fjárhagur hennar aðskilinn frá fjárreiðum bæjarsjóðs með sérstökum ársreikningi.

4. gr.

Veitustjóri.

Við OVH skal starfa veitustjóri. Hann stjórnar daglegri starfsemi veitunnar. Hann skal ráðinn af bæjarstjórn, sem setur honum erindisbréf.

5. gr.

Mannaráðningar.

Bæjarráð ræður aðra fastráðna starfsmenn til OVH að fenginni umsögn veitunefndar og veitustjóra. Veitustjóri ræður lausráðna starfsmenn.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Skrifstofa Húsavíkurkaupstaðar sér um bókhald fyrirtækisins en veitustjóri fylgist með stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma og að bókhald sé rétt og tímanlega fært.

Tekjum OVH skal varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði hennar, viðhaldi og uppbyggingu. Bæjarstjórn Húsavíkur ráðstafar tekjuafgangi OVH og gerir ráðstafanir til þess að jafna hugsanlegt tap.

Heimilt er að mynda framkvæmdasjóð, ef hentugt þykir, til undirbúnings kostnaðarsamra áfanga í uppbyggingu OVH.

7. gr.

Einkaleyfi.

Orkuveita Húsavíkur hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á raforku og heitu vatni um lögsagnarumdæmi Húsavíkur.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn OVH, enda liggi fyrir samþykki ráðherra.

II. KAFLI

Gjaldskrá og innheimta.

8. gr.

Gjaldskrá.

Bæjarstjórn Húsavíkur setur OVH gjaldskrá, að fenginni tillögu veitunefndar. Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir raforku, heitt vatn, heimtaugar/heimæðar, kalt vatn, þegar það er selt samkvæmt mæli, svo og öll önnur gjöld. Ennfremur um gjalddaga, eindaga, innheimtu gjalda og annað sem kemur gjaldtökunni við.

Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki bæjastjórnar skal send iðnaðarráðherra til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Uppgjör orku, álestur, áætlun og reikningar.

Notendur skulu greiða orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

OVH má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun þar sem orkunotkuninni er jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á sannreyntri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlun nefnast áætlunarreikningar. Raunverulega orkunotkun skal sannreyna eigi sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynð skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra.

Notandi getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við sannreynða notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

Orkureikninga skal senda út reglulega og, að jafnaði, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þeir skulu sendir notanda á notkunarstað eða á annan stað sem notandi tiltekur.

10. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

a) *Lokunartilkynning.*

Sé orkureikningur (álestrar- eða áætlunarreikningur) ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, má OVH stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri tilkynningu, sem sendist notanda með minnst 5 daga fyrirvara.

b) *Stöðvun orkuafhendingar.*

OVH má stöðva afhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. OVH er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda séu ekki liðnar meira

en þrjár vikur frá tilkynningu um hana. OVH ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum af stöðvun orkuafhendingar.

Beri notandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

c) *Greiðsluskylda á lokunartíma.*

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila eða vanefnda hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við OVH né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

OVH á rétt á að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd lokunar og opnun veitunnar.

d) *Opnun lokaðrar húsveitu.*

Verði lokað fyrir húsveitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opnað aftur, nema skuldin sé að fullu greidd eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

e) *Óleyfileg tenging húsveitu.*

Enginn má tengja húsveitu, rjúfa tengingu húsveitu né endurtengja húsveitu nema þeir sem OVH hefur veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má OVH aftengja fyrirvaralaust.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um tengingu húsveitna.

11. gr.

Eigandi/notandi húsveitu.

Húsveita er sjálfstæð veita sem tengd er við veitukerfi OVH. Eigandi húsveitu, sem tengist veitukerfi OVH, nefnist húseigandi. Kaupandi raforku og heits vatns, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

12. gr.

Umsókn um heimtaug/heimæð.

a) *Heimtaug/heimæð.*

Heimtaug er rafmagnsstrengur, sem liggur frá götuskáp eða múffutengingu að inntakskassa eða mælitæki húsveitu. Heimæð er heitavatnslögn, sem liggur frá dreifikerfi OVH að mælitæki í inntaksrými húsveitu.

b) *Skuldbinding húseiganda.*

Umsókn um heimtaug/heimæð eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í gjaldskrá OVH og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá OVH. OVH getur krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntakstað heimtaugar samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk. Við ákvörðun heimtaugargjalds skal gera ráð fyrir að ídráttarrör sé fyrir hendi.

c) *Lagnir veitukerfis og tenging húsveitna.*

OVH lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins að meðöldum heimæðum/heimtaugum inn fyrir húsveggi og mælitækjum og annast rekstur og viðhald þeirra.

OVH annast tengingu við húsveitu notanda. Við slíka framkvæmd skal OVH halda raski í lágmarki og ganga þrífalega um. Jafnframt skal OVH færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

OVH ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

d) *Skipting kostnaðar og breytingar.*

OVH kostar lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir heimæðar/heimtaugargjöld samkvæmt gjaldskrá. Húseigandi/notandi skal standa straum af kostnaði við breytingu á húsveitu vegna tengingar við OVH. Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans. Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi OVH.

e) *Óvenjulegar aðstæður.*

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-/heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofn-kostnaði við framkvæmdir.

f) *Lágmarksgjald.*

OVH er heimilt að krefjast lágmarksgjalds (fastagjalds), sé lokað fyrir húsveitu um lengri eða skemmri tíma.

g) *Frosin jörð.*

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar/heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

13. gr.

Mælitæki.

a) *Uppsetning mælitækja.*

OVH setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis OVH. OVH getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati veitustjóra.

b) *Notandi.*

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er sett við. Notandi mælitækis skal bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun þar til hann lætur af notkun veitunnar og tilkynnir OVH um það.

Ef um sameiginlega orkunotkun er að ræða, t.d. hjá húsfélagi, má ekki breyta skráðum notanda nema allir sem að notkuninni standa samþykki það skriflega.

c) *Notendaskipti.*

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til OVH, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) *Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.*

Húseigandi og orkunotandi eru samábyrgir fyrir tilkynningu til OVH um notendaskipti. Vanræki þeir tilkynningarskyldu sína bera þeir báðir ábyrgð á ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) *Viðhald.*

OVH annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) *Mælaleiga.*

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá OVH á hverjum tíma.

g) *Prófun mælitækis.*

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/- 5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

OVH hefur heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) *Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.*

Ef fram kemur við prófun, sem OVH framkvæmir, að mælitæki hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna er heimilt að krefja notanda um greiðslu þess, sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5% of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

OVH getur ekki krafist viðbótargreiðslu, vegna mæliskekkju, fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) *Véfanging á niðurstöðum prófunar.*

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) *Notkun vegna galla á veitu.*

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á húsveitu eða tækjum notanda, er OVH ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) *Leiðrétting á reikningsfjárhæð.*

Ef álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð hefur verið skakkur skal leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana.

l) *Óleyfileg notkun.*

Verði uppvíst að rafmagn/heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram skal OVH áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana, allt að þreföldu verði eftir gildandi gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli- eða varbúnaði þeim sem fyrir veitunni er.

14. gr.

Innsigli.

Starfsmenn OVH hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kWh-mæla, straumspenna, magnmæla, bakrennslisloka, hemla, framhjálaup bakrennslis o.þ.h. Einnig mega starfsmenn OVH innsigla hluta húsveitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn OVH. Önnur innsigli OVH mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi OVH hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna OVH skriflega um málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vant er hann skyldur að tilkynna OVH slíkt án tafar.

15. gr.

Óleyfilegar tengingar.

Verði settar óleyfilegar tengingar eða gerðar breytingar á húsveitu eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi húsveitu og tækja, skal farið með það sem galla á húsveitu og heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með húsveitunni hefur í för með sér. Veitustjóri getur látið taka húsveitu úr sambandi, meðan galli er á henni eða tækjum, sem við hana eru tengd, þar til bætt hefur verið úr.

16. gr.

*Eftirlit.*a) *Aðgangsréttur OVH.*

Starfsmenn OVH eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

1. til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t neyslutæki
2. til athugunar á bakrennslisgrindum, mælitækjum og því hvort öll notkun komi til mælis samkvæmt gjaldskrá
3. til álestrar á mælitæki
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum OVH.

b) *Tengiskilyrði.*

Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

IV. KAFLI

Tenging húsveitna við dreifikerfi raforku.

17. gr.

*Rafverktakaleyfi.*a) *Öflun leyfis.*

Rafverktakar skulu hafa hlotið landslöggingingu Rafmagnseftirlits ríkisins sbr. reglugerð nr. 543/1993.

b) *Heimild til vinnu við raforkuvirki.*

Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða OVH, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur um er að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

c) *Teikningar.*

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun raflagna. Þær skulu gerðar af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða öðrum sem hlotið hefur löggildinguna til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglugerð þessa, sérteikningar OVH, svo og aðrar þær reglur og lög sem í gildi eru á hverjum tíma.

d) *Upplýsingaskylda.*

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita OVH upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

18. gr.
*Úttekt.*a) *Úttekt og skoðun.*

Eftirlit með raflögnum skal vera skv. reglugerð um raforkuvirki. OVH getur gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem OVH innir af hendi, eða lætur vinna, við úttekt raflagna, skoðunaraðgerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

b) *Spennusetning.*

Engir aðrir en umboðsmenn OVH mega setja spennu á húsveitu eða hluta af húsveitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Verði út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á húsveituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

c) *Ábyrgð.*

OVH tekur ekki á sig ábyrgð á húsveitu með úttekt eða tengingum.

19. gr.
*Húsveitur.*a) *Umsókn um orkukaup.*

Áður en hafist er handa um lög nýrra raforkukerfa eða breytingu á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til OVH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa OVH lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt rafvirkjameistara þeim sem verkið annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingafulltrúa bæjarins þar sem fram kemur afstaða og grunmynd inntaksrýmis. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

b) *Tenging húsveitu.*

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði til OVH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Rafvirkjameistari skal skila til OVH, vottorði um úttekt á lagnakerfi hússins og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn OVH mega hleypa rafmagni á rafkerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd veitukerfi OVH í heimildarleysi, getur OVH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

c) *Kröfur til húsveitna.*

Sérhver húsveita að meðöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð um raforkuvirki og byggingarreglugerð. Þær húsveitur teljast óleyfilegar, sem ekki fullnægja þessum kröfum. Efni í húsveitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum. Telji stjórn OVH nauðsynlegt að útbúnar séu sérstakar tæknireglur fyrir OVH þá skulu þær hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins áður en þær taka gildi.

d) *Stofntaugar.*

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

e) *Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.*

Verði um mikla aukningu á orku- og/eða aflnotkun húsveitu að ræða og OVH þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að leggja nýja háspennustrengi og/eða auka afl spennistöðvar um þriðjung eða meira er veitustjóra heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í þeim kostnaði að hluta eða að öllu leyti enda skal OVH og umsækjandi gera með sér samning þar um áður en framkvæmdir hefjast.

f) *Eigandi heimtaugar.*

Heimtaugar með stofnvari eru eign OVH, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

g) *Breyting á heimtaug.*

OVH annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð þá skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í gjaldskrá.

h) *Vélar og tæki.*

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig uppsett og útbúin að þau valdi ekki truflun á raforkunotkun annarra. Misbrestir á þessu eða aðra galla á húsveitu eða tækjum skal hús-eigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra. Komi í ljós við skoðun húsveitu, af hálfu OVH, Rafmagnseftirlits ríkisins eða löggilts rafverktaka, að galli sé á veitu eða tækjum, er eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við slíkt.

V. KAFLI

Tenging húsveitna við dreifikerfi hitaorku.

20. gr.

*Umsóknir og áhleypling.*a) *Umsókn um orkukaup.*

Áður en hafist er handa um lög nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til OVH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa OVH lætur í té.

Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingafulltrúa bæjarins þar sem fram kemur afstaða og grunnmynd inntaksrýmis. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

b) *Tenging húsveitu.*

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði til OVH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningameistari skal skila til OVH, vottorði um úttekt byggingafulltrúa á lagnakerfi hússins og sækja um áhleyplingu með minnst dags fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn OVH mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd veitukerfi OVH í heimildarleysi, getur OVH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

c) *Heimæðarlögn og inntak.*

OVH er heimilt að leggja heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg húss. Í inntaksrými skal vera nauðsynlegt rúm fyrir bakrennslisgrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfalið í gólfi, ljós og góð loftræsting og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum OVH.

d) *Eigandi heimæðar.*

Heimæð ásamt rennslismæli er eign orkuveitunnar, enda þótt heimæðargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

21. gr.

Teikningar.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Þær skulu gerðar af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi, eða öðrum þeim sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar, sérteikningar OVH, svo og aðrar þær reglur og lög sem í gildi eru á hverjum tíma.

22. gr.

Eftirlit.

OVH skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og aðra notkun sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur OVH stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari viðkomandi húsveitu skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

23. gr.

Skuldbindingar húseiganda.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu OVH.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til OVH ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum þeirra.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar í eigu OVH, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

VI. KAFLI

Skilmálar fyrir raforkusölu.

24. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá OVH.

25. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðkomandi húsveitu við rafveitukerfi OVH.

26. gr.

*Raforkusala.*a) *Skilmálar um raforkusölu.*

OVH selur raforku á orkuveitusvæði sínu, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki og gjaldskrá á hverjum tíma.

b) *Umsókn um raforkukaup.*

OVH getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sæki um það skriflega og geri nákvæma grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð.

c) *Takmörkuð flutningsgeta.*

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður veitustjóri nánari skilmála t.d. á hvaða tímum sólarhringsins nota megi umbeðið afl.

d) *Takmörkun sölu vegna rafhitunar.*

OVH getur takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

e) *Sérstök spennistöð.*

Telji OVH nauðsynlegt að komið verði fyrir spennistöð á lóð í því skyni að umbeðin raforkusala geti farið þar fram, skal OVH látinn í té lóðarflötur eða húsnaði fyrir spennistöð og lóðarflötur eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Um þetta verði gerður sérstakur samningur milli OVH og lóðarhafa.

OVH er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja, má þinglýsa á viðkomandi fasteign.

f) *Spennubreyting.*

Óski OVH eftir spennubreytingu á húsveitu er húseiganda skylt að hlíta því. Veitunefnd ásamt veitustjóra setja nánari reglur um framkvæmd.

Húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu sem þeir sjálfir hafa óskað eftir og OVH samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

g) *Endursala á raforku.*

Endursala til annarra á raforku, sem keypt er af OVH, er óheimil án leyfis OVH.

27. gr.

*Rekstrartruflanir.*a) *Almennt.*

Stöðvun á rekstri, eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur OVH en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu málsgrein c) liðar þessarar greinar.

OVH ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

b) *Réttur til rofs.*

OVH áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar er OVH heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

c) *Takmörkun á orkuafhendingu.*

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveður OVH hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á orkuafhendingu skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur OVH þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða aflagjald skv. taxta B.1 í gjaldskrá, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflagjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

28. gr.

Samningsbundinn taxi.

Sérhver rafmagnsnotkun er rafmagnsnotandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta OVH er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur veitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún falli undir annan taxa, skal umsókn um það send OVH með eins mánaðar fyrirvara.

OVH áskilur sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxa með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxa.

VII. KAFLI

Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni.

29. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá OVH.

30. gr.

Umsókn um tengingu.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi OVH.

31. gr.

Hitaorkusala.

a) *Skilmálar um hitaorkusölu.*

OVH selur hitaorku á orkuveitusvæði sínu, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um hitaorkulagnir og gjaldskrá á hverjum tíma.

b) *Umsókn um hitaorkukaup.*

OVH getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi hitaorku sækir um það skriflega og geri nákvæma grein fyrir orkuþörf og til hverra nota hitaorkan sé ætluð.

c) *Takmörkuð flutningsgeta.*

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður veitustjóri nánari skilmála t.d. á hvaða tímum sólarhringsins nota megi umbeðið afl.

d) *Endursala á hitaorku.*

Endursala til annarra á hitaorku, sem keypt er af OVH, er óheimil án leyfis OVH.

32. gr.

Rekstrartruflanir.

OVH ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun hitaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður OVH hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (aflgjalds og/eða mælagjalds).

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

33. gr.

Mæling.

OVH ákveður stærð og gerð mæla sem notaðir eru.

34. gr.

Sérstakir sölusamningar.

OVH er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur.

35. gr.

*Bakrennsli.*a) *Hitastig bakrennslis.*

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegn um húsveitu má ekki vera heitara en 35 gráður á Celsíus.

b) *Nýting bakrennslis.*

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign OVH. Bæjarstjórn getur heimilað notkun þess með sérstökum reglum þar um s.s. til upphitunar í gróðurhúsum, heitum pottum og öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum OVH. OVH getur afturkallað slík leyfi, að undangenginni tilkynningu.

c) *Óheimil tenging.*

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að áður fengun samþykki OVH.

36. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð.

Hitaorkunni er miðlað í formi heits vatns. OVH skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og önnur tæknileg atriði, sé þess óskað.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar OVH. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skal OVH tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og gjaldskrá settri skv. henni skulu hafa beint aðfararhæfi skv. 10. tl. l. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför sbr. 79. gr. l. nr. 58/1967.

38. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár OVH og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur á milli veitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir orkunotkun, getur notandi skotið ágreiningnum til úrskurðar bæjarstjórnar.

39. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða reglum, sem settar verða skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum OVH eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem veitustjóri hefur mælt fyrir um samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er veitustjóra heimilt að láta loka hlutaðeigandi húsveitu.

40. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. OVH getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

41. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að taka gildi 1. janúar 1996.

Jafnframt falla úr gildi rg. nr. 470/1979 fyrir Rafveitu Húsavíkur og rg. nr. 147/1970 fyrir Hitaveitu Húsavíkur. Gjaldskrár settar á grundvelli eldri reglugerða skulu halda gildi sínu þar til nýjar verða settar á grundvelli þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjöld sem eru tilkomin vegna orkusölu Rafveitu Húsavíkur og Hitaveitu Húsavíkur er OVH rétt að innheimta með þeim heimildum sem orkulög veita og skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.

1. gr.

Þeir menn sem dveljast erlendis við nám, geta haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir skv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og öðrum lögum um opinber gjöld eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ákvæði 1. mgr. á við, þrátt fyrir að menn séu með fasta búsetu erlendis, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi eða uppfyllt skilyrði reglugerðar þessarar síðustu 5 árin áður en nám hófst.

Nám skv. 1. mgr. telst hverskonar reglulegt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds- eða háskólastigi enda sé námið ætlað sem aðalstarf og námstími eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári.

Til náms skv. 1. mgr. telst starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda enda séu skilyrði 3. mgr. uppfyllt.